Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Bæjarráð Hafnarfjarðar
Þórður Þórarinsson
Ráðhús Hafnarfjarðar
Strandgötu 6
220 Hafnarfirði

Kópavogur, 4. nóvember 2026.
Málsnr. 2205009
PBG/HH

Efni: Fjárhagsáætlun Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins

Ofangreint var til umræðu á 636. fundi stjórnar SSH sem fram fór hinn 2. nóvember sl. og eftirfarandi bókað í fundargerð vegna þess:

2205009 - Skíðasvæðin -Rekstur

Fyrirliggjandi er tillaga að fjárhagsáætlun Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins, fyrir árið 2027 auk gjaldskrár fyrir komandi ár, sem hafa verið samþykktar af hálfu samstarfsnefnar Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins sbr. fyrirliggjandi fundargerð 442. fundar nefndarinnar dags. 20. október 2026.

Þá er fyrirliggjandi til kynningar níu mánaða uppgjör vegna reksturs skíðasvæðanna í janúar til september 2026.

Niðurstaða fundar:
Lagt fram til kynningar. Eigendavettvangur skíðasvæðanna staðfestir fjárhagsáætlun skíðasvæðanna fyrir sitt leyti og er henni vísað til umræðu og afgreiðslu á vettvangi aðildarsveitarfélaganna.

Samkvæmt framangreindu er farið fram á umræðu og afgreiðslu á fjárhagsáætlun Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins á vettvangi sveitarfélagsins. Er þess jafnframt óskað að upplýsingar um afgreiðslu málsins verði sendar á netfangið ssh@ssh.is.

Virðingarfyllst,
Fyrir hönd SSH

Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri

Meðfylgjandi:
1. Fjárhagsáætlun skíðasvæðanna 2027.
2. Fundargerð 442. fundar samstarfsnefndar skíðasvæðanna 201026.